

Samstarfsáætlun 2017–2020:

Ráðherranefndin um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt



Norræna
ráðherranefndin

Samstarfsáætlun 2017–2020:
Ráðherranefndin um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað,
mætvæli og skógrækt

ISBN 978-92-893-4832-4 (PRINT)

ISBN 978-92-893-4833-1 (PDF)

<http://dx.doi.org/10.6027/ANP2017-703>

ANP 2017:703

© Norræna ráðherranefndin 2017

Umbrot: Gitte Wejnold

Kápumynd: Norden.org, Ane Cecilie Blichfeldt

Prentun: Rosendahls

Upplag: 30



Printed in Denmark

Norræna ráðherranefndin styrkti útgáfu skýrslunnar. Efni skýrslunnar endurspeglar þó ekki endilega sjónarmið, álit, afstöðu eða meðmæli Norrænu ráðherranefndarinnar.

www.norden.org/nordpub

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heiminum. Samstarfið byggir á landfræðilegri legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og skiptir miklu í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin vinna saman að því að marka Norðurlöndum stöðu í öflugri Evrópu.

Með *norrænu samstarfi* er unnið að því að gæta hagsmuna svæðisins og efla norræn gildi í hnattrænum heimi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin
Ved Stranden 18
DK-1061 København K
www.norden.org

Samstarfsáætlun 2017–2020:

Ráðherranefndin um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt

EFNISYFIRLIT

- 4 Inngangsorð
- 6 Stefnumótandi aðgerðir
- 9 Aðgerðasvið
- 15 Árangur á árinu 2020
- 17 Skipulag sviðsins
- 18 Norræna erfðaauðlindastofnunin (NordGen)

Inngangsorð

Um samstarfsáætlanir Norrænu ráðherranefndarinnar

Í samstarfsáætlunum Norrænu ráðherranefndarinnar er greint frá helstu pólitísku forgangsverkefnum viðkomandi fagsviðs á gildistíma áætlunarinnar. Samstarfsáætlanir eru stýrandi í starfsemi á fagsviðinu sem og önnur stefnumótunarskjöl Norrænu ráðherranefndarinnar, svo sem framtíðarsýn í norrænu ríkisstjórnasamstarfi (*Saman erum við öflugri*), þverlæg stefnumótunarskjöl og formennskuáætlanir landanna.

Í inngangsorðum samstarfsáætlunar er fjallað um pólitíska forgangsörðun og viðfangsefni á umræddum fagsviðum. Þar á eftir eru kynnt mikilvæg *stefnumarkandi verkefni* á gildistíma áætlunarinnar.

Tafla 1: Yfirlit yfir stefnumótunarskjöl Norrænu ráðherranefndarinnar

Stefnumótunarskjöl	Markhópur	Gildistími
1. Framtíðarsýn samstarfsráðherranna	Norræna ráðherranefndin	Ótilgreindur
2. Þverlæg stefna	Norræna ráðherranefndin	Allt að 6 ár
3. Samstarfsáætlun	Tiltekið svið	4 ár
4. Formennskuáætlun	Norræna ráðherranefndin	1 ár

Um samstarfsáætlun á sviði fiskveiða og fiskeldis, landbúnaðar, matvæla og skógræktar 2017–2020

Samstarfsáætlunin á sviði fiskveiða og fiskeldis, landbúnaðar, matvæla og skógræktar (FJLS) stuðlar að framtíðarsýn samstarfsráðherranna um nýskapandi, landamæralaus, sýnileg og opin Norðurlönd. Áætlunin er einnig framlag til þriggja þverlægra stefnumótunarskjala Norrænu ráðherranefndarinnar um sjálfbæra þróun, málefni barna og ungmenna og jafnréttismála auk annarra þverlægra stefna í norrænu samstarfi.

Auk hinna norrænu stefnumótunarskjala leggur sviðið áherslu á að vinna að hinum 17 heimsmarkmiðum SP um sjálfbæra þróun (sjálfbærnimarkmiðunum) enda er gert ráð fyrir að markmiðin muni gegna mikilvægu hlutverki fyrir Norðurlönd í nánustu framtíð. Ekki eiga öll markmiðin við um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt og því verður að tengja starfsemi og forgangsverkefni á sviðinu við þau markmið og undirmarkmið sem við eiga hverju sinni. Eftirfarandi sjálfbærnimarkmið eru sérstaklega mikilvæg fyrir þessa stefnu:

- **Markmið 2:** Útrýma hungri, tryggja fæðuöryggi og bættu næringu og stuðla að sjálfbærum landbúnaði.¹
- **Markmið 3:** Stuðla að heilbrigðu lífni og vellíðan fyrir alla frá vögu til grafar.
- **Markmið 6:** Tryggja aðgengi að vatni fyrir alla og sjálfbæra nýtingu vatnsauðlindarinnar svo og aðgengi allra jarðarbúa að hreinlætisaðstöðu.
- **Markmið 8:** Stuðla að sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla.
- **Markmið 12:** Tryggt verði að neyslu- og framleiðslumynstur verði sjálfbær.
- **Markmið 13:** Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.
- **Markmið 14:** Vernda og nýta hafið og auðlindir þess með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
- **Markmið 15:** Vernda, endurheimta og stuðla að sjálfbærri nýtingu vistkerfa á landi, sjálfbærri stjórnun skógarauðlindarinnar, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva jarðvegseyðingu og endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni.

Samstarfssvið fiskveiða og fiskeldis, landbúnaðar, matvæla og skógræktar leggur þannig sitt af mörkum til að leysa helstu hnattrænu viðfangsefnin, hvort sem um er að ræða loftslagsbreytingar, aukið lyfjapól sjúkdómsvaldandi baktería eða aukna tíðni lífsstíllssjúkdóma. Að samstarfssviðið leggi sitt af mörkum til lausnar á hnattrænum viðfangsefnum þýðir einnig að norrænu löndin geta gegnt mikilvægu hlutverki með því að greina og innleiða norrænar lausnir á hnattrænum samfélagsáskorunum og miðla þeim um allan heim.

Þannig eiga löndin að nýta í auknum mæli sameiginlega styrkleika sína til að vinna sameiginlegum hagsmunum Norðurlanda brautargengi innan ESB og alþjóðlega. Ríki Norðurlanda eru fámenn en þegar allt er talið með er sameiginlegur efnahagslegur, menningarlegur og samfélagslegur styrkur þeirra töluverður á alþjóðavettvangi.

¹ Athugið að fæðuöryggi á bæði við um matvælaöryggi og að tryggð séu næg matvæli til að fæða jarðarbúa. Athugið að hjá SP felur hugtakið „landbúnaður“ einnig í sér fiskveiðar og fiskeldi.



Hin 17 markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Stefnumótandi aðgerðir

Í eftirfarandi kafla er greint frá helstu stefnumótandi aðgerðum á sviðinu. Starf ráðherranefndarinnar (MR-FJLS) skiptist í fjögur undirsvið en þau eru fiskveiðar og fiskeldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt. Til að safna samlegðaráhrifum og skapa ný milli undirsviðanna fjögurra eru tvenns konar stefnumótandi aðgerðir í forgangi: Þróun norræna lífhagkerfisins og þróun sjálfbærra matvælakerfa. Þemun útiloka ekki hvort annað en líta ber á þau sem tvenns konar nálgun á sama viðfangsefnið en það er að auka efnahagslega, félagslega og umhverfislega sjálfbærni fiskveiða og fiskeldis, landbúnaðar, matvæla og skógræktar á Norðurlöndum. Þess vegna er það einnig metnaðarmál að allir þættir samstarfssviðsins (FJLS) stuðli að því að efla báðar ofangreindar stefnumótandi aðgerðir og byggja brýr til annarra sviða.

1. Þróun norræna lífhagkerfisins

Samstarfssvið fiskveiða og fiskeldis, landbúnaðar, matvæla og skógræktar nær yfir sjálfbæra framleiðslu lífmassa úr jörðu, vatni og skógum, leið afurða sem matvæla á markað, innihaldsefni matvæla, vefnaðarvöru og eldsneyti ásamt iðnaðarhráefni og iðnaðarvörum. Samstarfssviðið leggur áherslu á allar þrjár víddir sjálfbærni í umræddum verðmætakeðjum, það er hina efnahagslegu, hina félagslegu og hina umhverfislegu.

Norðurlönd búa yfir mjög ólíkum styrkleikum en í öllum löndunum er lífhagkerfið afar mikilvægt fyrir efnahagslífið og Norðurlönd hafa ábyrgst að vinna að sjálfbærri nýtingu á lífrænum náttúruauðlindum sínum. Norræna lífhagkerfið er umgjörð þar sem samstarfssviðið (FJLS) getur lagt sitt af mörkum til lausnar á ýmsum helstu áskorunum sem við blasa í samfélagi nútímans. Betri nýting auðlinda og aukin verðmætasköpun, aðlögun að afleiðingum loftslagsbreytinga, byggðaþróun og matvælaöryggi eru ein stærstu viðfangsefnin jafnframt því að koma í veg fyrir hnignun líffræðilegrar fjölbreytni. Samtímis vekur lífhagkerfið æ meiri athygli í ESB og á alþjóðavettvangi og mikil eftirspurn er eftir reynslu og lausnum Norðurlandabjóða.

2. Sjálfbær matvælakerfi

Matvæli eru mikilvægur hluti norræna lífhagkerfisins. Samstarfssvið fiskveiða og fiskeldis, landbúnaðar, matvæla og skógræktar mun því leggja áherslu á sjálfbæra og arðgæfa þróun norrænna matvælakerfa. Lögð verður áhersla á skilvirka og ábyrga framleiðslu öruggra matvæla frá láði og legi, sjálfbæra nýtingu auðlinda, lágmörkun matarsóunar, þar á meðal betri nýtingu auka- og afgangsafurða í allri framleiðslukeðjunni og neytendafræðslu til að auðvelda neytendum að velja sjálfbært.

Sem samfélag gerum við strangar kröfur til matvælakefinsins. Það á að vera gagnsætt og tryggja neytendum hollan og öruggan mat. Þess vegna vilja norrænu löndin auka það samstarf sem fyrir er, m.a. um dýravelferð, neytendafræðslu, matvælaeftirlit og næringarstefnu.

Norrænt samstarf byggir á mikilli fagþekkingu og færni. Kjarninn er samstarf um rannsóknir og miðlun reynslu, sem leggur grunninn að góðum og hagkvæmum lausnum fyrir löndin, lausnum sem margar hverjar eiga erindi um allan heim.

Fram til ársins 2020 er ætlunin að útvíkka forystuhlutverk Norðurlanda og taka

ný málefni til umfjöllunar í norrænu samstarfi. Samstarfið mun meðal annars styðja við nýsköpun og styrkja þróun á vörum unnum úr lífauðlindum. Stefnt er að því að auka mótstöðukraft fiskveiða og fiskeldis, landbúnaðar, matvæla og skógræktar gegn loftslagsbreytingum. Eftir því sem við á skal sjálfbærni vera veigamikill þáttur í öllum neytendaáðgerðum, meðal annars í því skyni að auka eftirspurn neytenda eftir hollum og sjálfbærum vörum.

Loks munu Norðurlönd nýta í auknum mæli sameiginlega styrkleika sína til að vinna sameiginlegum norrænum hagsmunum brautargengi innan ESB og á alþjóðavettvangi.





LJOSMYND: NORDEN.ORG



LJOSMYND: NORDEN.ORG, BENJAMIN SUOMELA

Aðgerðasvið

Ráðherranefndin um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt hefur tilgreint sjö svið þar sem fjallað er um helstu sameiginlegu viðfangsefni samstarfsins hvað varðar hinar tvær almennu stefnumótandi aðgerðir á tímabilinu 2017–2020.

1. Sjálfbær nýting lifandi auðlinda

Hið „nýja“ lífhagkerfi myndar umgjörð um norræna þróun á fiskveiðum og fiskeldi, landbúnaði, matvælum og skógrækt með aukinni áherslu á sjálfbæra stjórnun nýtingar lifandi auðlinda. Norðurlandþjóðirnar búa yfir sérstakri færni á ýmsum sviðum en saman er staða þeirra hvað varðar lífhagkerfið sterk. Hér er átt við aðgengi að auðlindunum, stjórnun þeirra og vinnslu.

Á Norðurlöndum er hægt að framleiða t.d. kjöt, mjólk, fisk og timbur án verulegs ólags á umhverfið og með takmarkaðri notkun orku og vatns í framleiðsluferlinu. Norðurlönd eru í fararbroddi í umhverfismálum hvað varðar öfluga umhverfislöggjöf og aðgerðir til að takmarka losun næringarefna og plöntuvarnarefna í grunnvatn, ár og vatnsföll. Skiptir það miklu máli ekki síst fyrir ferskvatns- og drykkjarvatnskerfi og Eystrasaltið. Á síðari árum hafa Norðurlönd aukið samstarf sitt um að rannsaka og draga úr matarsóun í öllu matvælakerfinu.

Kostirnir við skilvirka og sjálfbæra auðlindastjórnun og baráttuna gegn sóun á öllum stigum frumframleiðslu, vinnslu og neyslu eru augljósir: Umhverfisáhrif frumframleiðslu minnka, það losnar um fjármagn í hagkerfinu og öryggi vöru verður tryggt til lengri tíma lítið. Þá má benda á siðferðislegar hliðar óþarfa matarsóunar, ekki síst frá hnattrænum sjónarhóli. Eigi Norðurlönd að halda forystunni þarf að bæta norrænar hagtölur um sjálfbæra auðlindastjórnun, einkum auðlindasóun, og jafnframt þarf að efla samstarf frumframleiðslu- og vinnslugeiranna. Framleiðni gegnir hér mikilvægu hlutverki sem forsenda þess að viðhalda samkeppnisfærni og hagvexti. Norðurlönd ættu einnig að nýta sér í auknum mæli að Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO), Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD) og Evrópusambandið (ESB) fylgjast grannt með því starfi sem fram fer á Norðurlöndum varðandi sjálfbæra stjórnun náttúruauðlinda og takmörkun sóunar í framleiðslu og neyslu.

2. Aukið þanþol og minni áhrif frumframleiðslu á loftslagsbreytingar

Losun gróðurhúsalofttegunda er ógn á Norðurlöndum og um heim allan. Landbúnaður er sú grein samstarfssviðsins þar sem losun gróðurhúsalofttegunda er mest á Norðurlöndum. Um leið á aukinn lífmassi

í norrænum skógum þátt í að draga úr magni gróðurhúsalofttegunda með því að binda kolefni og leysa jarðefnaeldsneyti af hólmi. Fiskveiðar eiga einnig þátt í losun gróðurhúsalofttegunda.

Væntanlegar loftslagsbreytingar og þær breytingar á lífríki hafsins og hafstraumum sem þeim fylgja munu breyta rammaskilyrðum fiskveiða og fiskeldis, landbúnaðar, matvæla og skógræktar á Norðurlöndum. Fiskistofnar munu færa sig norðar á bóginn þvert á fiskveiðilögsögur og framleiðni hafsins mun breytast. Í landbúnaði mun framleiðni að mestu aukast en hún getur einnig takmarkast vegna breytinga á meindýra- og sjúkdómamynstrum. Skógar munu færast norðar og hærra upp á land. Þar mun hagvöxtur aukast en einnig viðfangsefni vegna meindýra, sjúkdóma og öfga í veðurfari. Samstarfssviðið (FJLS) mun vinna að þróun aðferða til að draga úr áhrifum frumatvinnugreinanna á loftslagsbreytingar og auka jafnframt þanþol atvinnugreinanna gagnvart þessum breytingum.

3. One Health (lyfjaónæmi), heilbrigð dýr og dýravelferð

Heilbrigði og velferð dýra eru kjarnagildi í matvælaframleiðslu á Norðurlöndum og forsendur þess að þjóðirnar geti haldið lyfjanotkun innan ábyrgra marka. Norrænt samstarf um dýralækningar snýst einkum um að miðla reynslu milli yfirvalda, tryggja sameiginlegan

viðbúnað til að bregðast við húsdýrasjúkdómum á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum og miðla reynslu af meðhöndlun fjölonæmra baktería.

Áskorunin sem felst í útbreiðslu ónæmis örveira lætur ekki staðar numið við fjósdyrnar heldur berst hún áfram til dýra og manna og yfir landamæri. Þetta er ein ástæða þess að lækna, dýralækna og umhverfisyfirvöld á Norðurlöndum vinna saman út frá heildrænni „One Health“-nálgun í þeim tilgangi að viðhalda lágu stigi af sýklalyfjaónæmi í löndunum og nýta styrkleikann til að hafa áhrif á alþjóðlegar ákvarðanir um dýravelferð og One Health.

4. Hollur, öruggur matur og góðar matarvenjur

Á Norðurlöndum hefur tekist þokkalega að koma í veg fyrir ofþyngd og óholla lífshætti miðað við mörg lönd sem við berum okkur saman við. Norrænar næringarráðleggingar eru traustur vísindalegur grunnur í þróun norrænu samstarfi um næringarfræði með sameiginlegri framkvæmdaáætlun, sameiginlegu eftirliti og sameiginlegri matvælamerkingu, Skráargatsmerkinu. Þá hefur hugmyndin að baki Nýrrar norrænnar matargerðarlistar átt þátt í að þróa og vekja athygli á góðri matarmenningu í löndunum.

Á Norðurlöndum er einnig góð neytenda-vernd en hún byggir á markvissu eftirliti

og vandaðri neytendafræðslu þar sem áhætta og nytsemi matvæla eru vegin og metin. Löndin munu halda árangursríku samstarfi áfram og efla aðgerðir sem tryggja matvælaöryggi og hollar og sjálfbærar matarvenjur í löndunum. Það verður gert með því að flétta þekkingu á mat, matarmenningu og eftirspurn neytenda eftir umhverfisvænum vörum í auknum mæli inn í norrænt samstarf um neytendamiðaðar aðgerðir. Grunnur að góðum og hollum matarvenjum er lagður snemma á ævinni og því er mikilvægt að beina aðgerðum að matarvenjum barna og ungmenna.

5. Yfirvöld sem hvetja til nýsköpunar og þróunar á nýjum vörum og þjónustu

Á Norðurlöndum á sér stað mikil nýsköpun í þeim atvinnugreinum sem falla undir ráðherranefndina um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS). Hún getur átt við um innihaldsefni, nýtingu afgangsafurða í Nýrri norrænni matargerðarlist eða notkun hinna einstöku norrænna erfðaauðlinda í nýjar og verðmætar vörur. Þróun á nýjum vörum sem unnar eru úr lífauðlindum skapar mikil tækifæri fyrir fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt. Það á bæði við um þá frumframleiðslu sem fyrir er og afgangsafurðir í matvælageiranum sem hægt er að endurnýta í verðmætar vörur, sérstök efni og efnasambönd og hagnýt efni. Hráefni

í slíka nýtingu er að finna í jurtatrefjum, prótínum, fitusýrum og ensímum í öllum geirunum.

Rannsókn- og nýsköpunarstofnanir á sviðum fiskveiða og fiskeldis, landbúnaðar, matvæla og skógræktar eru mikilvægar til að leiðbeina og styðja við nýsköpun bæði hjá staðbundnum smáframleiðendum og stórum útflutningsfyrirtækjum. Annað dæmi um samstarf hins opinbera og einkageirans („public private partnership“) er samstarf samkeppnisaðila við opinberar stofnanir um þróun nýrrar þekkingar eða nýrra aðferða. Í því tilliti má líta til reynslu Norrænu erfðaauðlindastofnunarinnar af samstarfi hins opinbera og einkageirans á byrjunarstigum fræræktunar.

Önnur mikilvæg forsenda nýsköpunar á sviðum fiskveiða og fiskeldis, landbúnaðar, matvæla og skógræktar eru skilvirk og kröfuhörð yfirvöld, sem jafnframt eru opin gagnvart breytingum, til dæmis þegar bregðast skal við nýjum áskorunum frá deili- og hringrásarhagkerfum, netverslun og matvælasvindli. Löndin gætu nýtt sér reynslu hvert annars og staðið saman gagnvart nýjum áskorunum. Yfirvöld eiga einnig að taka eftir því sem sagt er, vera sveigjanleg og geta veitt nauðsynlegar leiðbeiningar fyrir nýsköpun í matvælageiranum, bæði gagnvart staðbundnum smáframleiðendum sem eru frjóir og nýskapandi og stórum

útlutningsfyrirtækjum sem vilja fara nýjar leiðir. Yfirvöld á Norðurlöndum eiga að vinna saman að því að koma til móts við fyrirtækin og ýta þannig undir hagvöxt og atvinnusköpun jafnframt því að læra af öðrum þjóðum á sviðum þar sem Norðurlöndin geta gert betur.

Gott samstarf eftirlitsyfirvalda á Norðurlöndum getur einnig átt þátt í að tryggja samræmda túlkun á og eftirlit m.a. með reglum ESB á sviði matvæla. Þannig má koma í veg fyrir að nýjar stjórnsýsluhindranir myndist á Norðurlöndum.

6. Merkingar og viðurkennd framleiðsla

Norðurlönd eru meðal hinna fremstu í heimi þegar kemur að siðferðislega ábyrgri frumframleiðslu. Á það við um sjálfbærni, vistspor, auðlindanýtingu og dýravelferð.

Ýmis vottunarkerfi eru í notkun á Norðurlöndum þar sem markmiðið er að hækka staðla og efla um leið samkeppnisfærni atvinnugreinarinnar. Algengasta vottunarkerfið er líklega vistvæna merkingin sem gildir um dýravelferð og tillit til umhverfisins. Önnur mikilvæg vottunarkerfi eru verndaðar merkingar innan ESB og vottun á sjálfbærri skógrækt.

Setja verður í forgang að nýta möguleika þeirra vottunarkerfa sem fyrir eru og miðla reynslu.

7. Fjölbreytilegt efnahagslíf á landsbyggðinni

Frumatvinnugreinar eru mikilvægur efnahagslegur grundvöllur fyrir strjálbýl svæði á Norðurlöndum. Tækniþróunin hefur leitt til fækkunar starfa í umræddum atvinnugreinum og fyrir vikið skapast neikvæð þróun hvað varðar fjölda íbúa á stórum svæðum hvarvetna á Norðurlöndum. Lífhagkerfið getur átt þátt í að snúa þeirri þróun við. Til þess að svo verði þarf samræmdar aðgerðir margra aðila – í landshlutum og á landsvísu. Stefnumótun um byggðapróun þarf að taka mið af staðháttum og henni þarf að fylgja eftir með fjárfestingum í nýrri atvinnustarfsemi. Hún gæti t.d. verið náttúrutengd ferðaþjónusta (sumarleyfi á bóndabýli, stangveiði, sveitaverslun), vöruþróun sem byggð er á staðbundinni matvælaframleiðslu eða ný iðnaðarverkefni. Samstarfssviðið (FJLS) mun hefja samstarf við viðeigandi aðila um þróun stefnu til að nýta tækifæri sem felast í fjölbreytilegu og sjálfbæru efnahagslífi á landsbyggðinni á Norðurlöndum.





PHOTO: NORDEN.ORG, BENJAMIN SUOMELA



LJÓSMYND: UNSPLASH.COM



LJÓSMYND: NORDEN.ORG, MATS HOLMSTRÖM

Árangur á árinu 2020

Árið 2020 hefur norrænt samstarf um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS) náð að efla og þróa norræn forgangsverkefni á sviðum þar sem náði samstarf er fyrir. Löndin eiga öflugt samstarf um auðlindanýtna og efnahagslega sjálfbæra framleiðslu til lengri tíma litið og leggja jafnframt greinilega áherslu á að lífmassi verði tekinn í notkun í stað jarðefnaeldsneytis innan ramma hins ört vaxandi lífhagkerfis.

Árið 2020 hefur samstarfssviðið (FJLS) lagt sitt af mörkum til að ná sjálfbærnimarkmiðum Sp. Þar ber sérstaklega að nefna sjálfbæra auðlindanýtingu og matvælakefni, sameiginlega norræna stefnu og vettvang fyrir starf að One Health, dregið hefur verið úr áhrifum landbúnaðar og fiskveiða á loftslagsbreytingar, samstarf er hafið um vottaða framleiðslustaðla, meðal annars vistvæna. Áfram er unnið að auðlindanýttinni framleiðslu og minnkun á matarsóun, þar á meðal bættri nýtingu auka- og afgangsafurða. Samstarfssviðið

nær árangri í þróun nýrra og verðmætra afurða úr frumframleiðslu og afgangsafurðum úr landbúnaði, skógrækt og fiskveiðum. Stuðlað er að aukinni fjölbreytni í staðbundnu efnahagslífi á landsbyggðinni á Norðurlöndum.

Árið 2020 hafa Norðurlönd náð að:

- styðja við sjálfbærar matarvenjur með neytendamíðuðum aðgerðum;
- efla innleiðingu á norrænu næringarráðleggingunum;
- efla samstarf um auðlindanýtna og efnahagslega sjálfbæra framleiðslu;
- styrkja ramma um nýsköpun í matvælaframleiðslu með því að efla samstarf hins opinbera og einkageirans.

Árið 2020 hafa Norðurlönd einnig þróað samstarf sitt um evrópsk og alþjóðleg málefni í þeim tilgangi að standa vörð um sameiginlega hagsmuni Norðurlanda innan Evrópusambandsins og á alþjóðavettvangi þar sem það á við.



LJOSMYNDI: PEXELS.COM

Skipulag sviðsins

Embættismannanefndir ráðherranefndarinnar eru fimm samþættar undirnefndir en það eru framkvæmdanefnd og fjórar nefndir á sviðum fiskveiða og fiskeldis, matvæla, landbúnaðar og skógræktar. Framkvæmdanefndin og nefndirnar fjórar hafa allar stöðu embættismannanefndar.

Norræna erfðaauðlindastofnunin (NordGen) fellur undir ráðherranefndina um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS) en hlutverk hennar er að varðveita og nýta norrænar erfðaauðlindir í landbúnaði og skógrækt. Innra skipulag nefndanna er þó mismunandi: Norrænn vinnuhópur um fiskveiðar og fiskeldi (AG-Fisk) starfar á vegum embættismannanefndarinnar um fiskveiðar og fiskeldi. Norræn nefnd um landbúnaðar- og matvæla-

rannsóknir (NKJ) starfar á vegum embættismannanefndarinnar um landbúnað. Á vegum embættismannanefndarinnar um skógrækt er samstarfsvettvangur um norrænar skógræktarrannsóknir (SNS) og á vegum embættismannanefndarinnar um matvæli starfa eftirtaldir þrír vinnuhópar: Norrænn vinnuhópur um næringu, mat og eiturefnafræði (NKMT), Norrænn vinnuhópur um stjórnsýslu matvælamála og neytendafræðslu (NMF) og Norrænn vinnuhópur um örverufræði, dýraheilbrigði og dýravelferð (NMDD). Auk þess starfar stýrihópur verkefnisins um Nýja norræna matargerðarlist á vegum framkvæmdanefndar embættismannanefndarinnar um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt.

Norræna erfðaauðlindastofnunin (NordGen)

Norræna erfðaauðlindastofnunin (NordGen) sér um að samhæfa erfðaauðlindir í landbúnaði á Norðurlöndum og er henni stýrt út frá tveimur almennum markmiðum en þau eru: a) varðveisla erfðaauðlinda og b) sjálfbær nýting erfðaauðlinda sem snerta matvæli, landbúnað og skógrækt.


Norræna erfðaauðlindastofnunin á að stuðla að markvissri miðlun þekkingar til neytenda á Norðurlöndum og samhæfa aðgerðir eftir því sem við á og hagkvæmt þykir. Norræna erfðaauðlindastofnunin á að greiða fyrir samspili og gagnkvæmum skilningi milli landbúnaðar og umhverfisverndar í norrænu samstarfi með sjálfbæra nýtingu, varðveislu erfðaauðlinda og samspil erfðaauðlinda og umhverfisins að leiðarljósi. Norræna erfðaauðlindastofnunin (NordGen) á að styðja og aðstoða löndin og Norrænu ráðherranefndina eftir þörfum.

Stofnunin annast einnig umsýslu *samstarfs hins opinbera og einkaaðila um for-kynbætur*. Markmiðið er að styðja við þróun norrænna plöntukynbóta og koma þannig til móts við langtímaparfir í landbúnaði, garðyrkju og garðrækt.

Norræna erfðaauðlindastofnunin (NordGen) starfar í alþjóðlegu umhverfi og uppfyllir sameiginlega staðla og reglur um störf erfðaauðlindabanka sem settar eru í evrópsku samstarfi (AEGIS).

Í Kalmar-yfirlýsingunni frá árinu 2003 lýsa norrænu löndin sameiginlegri framtíðarsýn sinni og þar er lagður grunnur að því hvernig Norræna erfðaauðlindastofnunin á að vinna með erfðaauðlindir. Öll fræsöfn bankans, að undanskildum öryggiseintökum sem Norræna erfðaauðlindastofnunin varðveitir fyrir aðra genbanka, eru undir sameiginlegri norrænni umsjón og aðgengileg almenningi.

Norræna erfðaauðlindastofnunin (NordGen) hefur umsjón með starfsemi, markaðssetningu og skipulagi fyrir frægeymsluna á Svalbarða (Svalbard Global Seed Vault, SGSV), sem fjármögnuð er af norska landbúnaðar- og matvælaráðuneytinu og Global Crop Diversity Trust.





Norræna ráðherranefndin
Ved Stranden 18
DK-1061 København K
www.norden.org

**Samstarfsáætlun 2017–2020:
Ráðherranefndin um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli
og skógrækt**

Samstarfsáætlunin lýsir í megindráttum norrænni forgangsröðun fyrir tímabilið 2017-2020, hvað varðar fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt; þróun norræna lífhagkerfisins og sjálfbær matvælakefni.

Með þessari samstarfsáætlun þróar og styrkir Norræna ráðherranefndin hið norræna samstarf á sviði fiskveiða og fiskeldis, landbúnaðar, matvæla og skógræktar og styður við lausn margra þeirra mikilvægu hnattrænu áskorana sem vísað var til í Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Allt frá loftslagsbreytingum og útbreiðslu lyfjaónæmis örveira til aukningar í lífsstílssjúkdómum.